

Aðalfundur Jeppavina, 3. febrúar 2010 haldinn í Múlakaffi, hefst kl 20:15

Mættir eru samtals: 21 (sjá nafnalista)

Baddi kjörinn fundarstjóri og Ingimundur ritari

Efni: Skýrsla stjórnar, framboð og kjör stjórnar, SAF, bréf frá samkeppnisráði.

SKÝRSLA STJÓRNAR Ingi.

- Verið er leita eftir samstarfi við bílaleigur varðandi ólöglega bílaleigubíla á fjallvegum
- Rætt um að koma til viðeigandi aðila lista yfir breyttar bifreiðar sem nota mætti í þágu almannaþinga.
- Niðurfellingarmál vörugjald í vinnslu. Ekki komið svar frá hinu opinbera
- Stofnuð var nefnd um leyfismál, hefur ekki starfað sem skyldi en lofar betrubótum
- Bréf barst frá samkeppnisstofnun þar sem verið var að kanna hugsanlegt verðsamráð. Skilað var inn umbeðnum gögnum ásamt greinargerð. Engin svör hafa borist en við óskum eftir samstarfi því við höfum ekki talið okkur brjóta neitt af okkur. Við viljum vinna með þeim.
- Ingi hættir við að bjóða sig ekki fram og býður sig því fram sem formaður
- Slys á Langjökli og umræða um hvað hægt er að gera til að reyna eyrnamerkja þekkt sprungusvæði. Tryggvi Már aðeins að vinna í slíku máli.
- Rætt um hvort það vanti ekki sprungubjörgunarbúnað í bílana til viðbótar við námskeiðið. Einnig rætt um að festa dót niður í bíla
- Talinn upp þau helstu slys sem hafa orðið á jöklum síðustu ár til að benda á hversu tíð þau eru í raun og veru. Umræða um sprungusvæði, svelgi og hættusvæði.
- Skírteini fyrir skyndihjálparnámskeið hafa ekki borist en verið er að ýta á eftir því
- Klapp
- Rætt um hvort ekki sé hægt að fá konu í stjórnina til að gæta jafnræðis milli kynja.
- Í stjórn eru kosnir:
- Ingi, Ingimundur, Óli, Bjarni Hjálmtýsson, Halli Grétars halligretars@gmail.com. varamenn: Anton, Georg Asperlund, Doddi
- 3 fundarmenn bætast við á fundinn
- Önnur mál....
- Jeppavinir geta ekki gengið í SAF. Ingi telur að við eigum fullt erindi þangað inn. Hann sótti um ingöngu fyrir sjálfan sig en gerði það ekki í nafni félagsins og gerir ekki kröfu um að félagið greiði þennan kostnað
- Börkur talar um SAF og bendir á nokkur félög sem þar eru inni nú þegar og gætu verið okkar fulltrúar. Hann telur að einungis eða fyrst og fremst Ingi (Boreal) mundi hagnast af því. Treystir mörgum öðrum félögum til að fara með orð okkar þar. Hann telur að SAF muni ekki berjast fyrir jeppamálum.
- Hlynur telur að eina leiðin til að hafa áhrif í SAF sé að komast í nefndir þar. Segir frá því að hann og Ingibjörg séu sterkir fulltrúar jeppamanna í nefnd SAF. Telur SAF ekki vera dauðt afl. Bendir á að þó svo Ingi sé í SAF þá komist hann ekki endilega í nefndir.
- Ingi bendir á að hann hefur nú þegar haft áhrif á einhver mál án þess að vera í nefnd. Ítrekar að hann gerir ekki kröfur til félagsins um að þessar 35.000 kr verði greiddar.

- Hlynur bendir á að ráð gæti líka verið að nokkrir aðilar úr félaginu gangi í SAF til að mynda þrýstihóp
- Fundurinn ályktar að þar sem félagið getur ekki gerst aðili að SAF að þá gangi sem flestir félagar í SAF.
- Síðbúin skýrsla stjórnar: Sjóðurinn stendur í 108.282 og 15.000kr kostnaður samtals
- Samþykkt að fundurinn sé gildur þó svo ekki allir hafi greitt félagsgjöld fyrir fundinn.
- Doddi talar um að SL gæti staðið fyrir skyndihjálparnámskeiði. Slíkt mundi kosta 3900kr/kvöld. Verklegar æfingar yrðu og námskeiðið miðað við 12-20. Um 17 manns lýsa yfir áhuga á slíku námskeiði.
- Baddi stingur upp á því að farið yrði í sjúkratöskurnar sem margir keyptu.
- Maggi Skóg bendir á mikilvægi þess að bílar séu vel búnir búnaði af ýmsum toga.
- Villi talar um þörf fyrir tillögu að búnaðarlista. Bendir einnig á fjölmarga aðra staði sem eru hættulegir sbr hvergi og hraungjótur
- Linda veltir því fyrir sér hvort skrifstofurnar eigi að gera meiri kröfur og fylgist með hvernig bílar séu búnir eða amk hvaða búnaður er í hverri ferð. Óskað eftir því að einhver bjóði sig fram til að útbúa svona lista
- Doddi telur að við getum fengið námskeið í fjölmörgu. Slík kvöldnámskeið kosta yfirleitt um 4.000 kr kvöldið
- Töluverðar umræður hættuleg svæði , öryggi farþega, búnað og þekkingu, fjarskipti, snjóleysi ofl.
- Ingimundur gerir fyrirspurn um það hvort það séu á hreinu hver beri ábyrgðina þegar slys verða hjá verktökum í fólksflutningum.
- Ragnar segist hafa kynnt sér þetta hjá sínu tryggingarfélagi og þeir segi að þegar farþegar eru „afhentir“ til 3ja aðila og þá eru þeir ekki lengur tryggðir þegar þeir eru komnir út úr bílnum.
- 1 fundarmaður bætist við
- Baddi við þurfum að tryggja okkur sem berst sjálf en við þurfum að hegða okkur vel þess að tryggingar greiða ekki tjón sem verður af gáleysi.
- Ingi bendir á að það er ekki hægt að kaupa tryggingu á því sem maður ber ekki ábyrgð á.
- Frjáls ábyrgðartrygging kostar kr 25.000 og allir hvattir til að taka hana.
- Fundi slitið 22:00